


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 3		
<b>Áfangaheiti SPÆN1RL05</b>		
<b>Námsáætlun - haustönn 2019</b>		

<b>Kennari</b>	Auður Inga Ólafsdóttir	<b>Sk.st.</b>	AUÐ
----------------	------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Byrjunaráfangi þar sem megináhersla er lögð á að nemandinn tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemandinn er markvisst þjálfaður í lesskilningi á hagnýtum orðaforða til að geta lesið og skilið einfaldan texta um kunnugleg efni. Lögð er áhersla á lesskilningsþjálfun s.s. tal, hlustun og ritun, með það að markmiði að nemandi verði sjálfbjarga við sérstakar aðstæður og geti spurt og svarað einföldum spurningum. Áhersla er lögð á réttan framburð, markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforða og grunnatriði málnotkunar. Menning spænskumælandi landa er fléttuð inn í áfangann.

### Markmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum málkerfisins
- almennum orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðun þessa áfanga
- tungumálinu og útbreiðslu þess
- mannlífi, menningu og siðum í þeim löndum þar sem tungumálið er talað
- geta bjargað sér við sérstakar aðstæður (t.d. í verslunum, lestarstöðvum, flugstöðvum, veitingastöðum)

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- tjá sig skriflega og munnlega um það sem tengist honum náið
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skilja einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisísávorp
- skilja einföld samtöl þegar talað er hægt og skýr
- skilja þegar talað er um tölur og tímasetningar
- finna eigin leiðir til að læra grundvallarreglur málfræðinnar og fara eftir þeim reglum í ræðu og riti
- nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í tungumálanámi

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta notað einföld ávörp, þakkar- og kurteisorðasambönd, kynnt sig og aðra, spurt um líðan annara og sagt frá sinni líðan skv. siðum og venjum viðkomandi lands og geta beðið viðmælanda að endurtaka
- geta gert sig skiljanlegan um einföld atriði (t.d. um tímasetningar, símanúmer, magn, verð)
- geta verið sjálfbjarga við sérstakar aðstæður (t.d. í verslunum, lestarstöðvum, flugstöðvum, veitingastöðum)
- geta spurt til vegar, hvert ferðinni er heitið, hvar á að hittast og hvað á að fara að gera
- geta spurt og svarað einföldum spurningum um t.d. fjölskylduna, veðrið, áhugamál o.s.frv.
- geta sagt frá daglegum athöfnum
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið

### Námsgögn:

- ¡Nos vemos! - A1, Libro de alumno og Cuaderno (bláar bækur). Útg.: Difusión 2010 og 2012.
- Orðabækur spæ-ísl eða spæ-ens / Efni frá kennara.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	<b>Áfangaheiti SPÆN1RL05</b> <b>Námsáætlun - haustönn 2019</b>	


### Áætlun um yfirferð:

Moodle aðgangsorð: **spæ1**

Dagsetn./ Lota	Viðburður	Kafli	Námsmat
20.8 - 13.9		1	
16.9-11.10	23-27 .9.- Lýðheilsuvika 04.10. - SAMNOR (Kennslufall)	2	Stöðupróf úr efni 1. og 2. lotu
14.10-8.11	17. - 18.10. - VETRARFRÍ 22.10. - Námsmatsdagur / 23.10. -Miðannarmat	3	Stöðupróf úr efni 3. lotu
11.11- 09.12	20.11. Námsmatsdagur	5	Stöðupróf úr efni 4. lotu
02.-09.12.	06.12 - Lokaverkefnisdagur / 09.12 - Námsmatsdagur		Stöðupróf úr efni annarinnar

### Námsmat:

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi	
Upprifjunar- verkefni	Þrjú undirbúningsverkefni á Moodle fyrir námsmat hverrar lotu (5% hvert).	15%	
Stöðupróf	3 stöðupróf (10% hvert).	30%	
Lokamat annar	Lokamatsverkefni inn á önn (15%).	15%	
Lokapróf	*Skriflegt lokapróf úr efni annarinnar. <b>Nemandi þarf að ná að lágmarki 40% árangri á lokaprófi til að vetrareinkunn reiknist til hækkunar.</b>	40%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	
<b>Annað:</b>			
<ul style="list-style-type: none"> <li>• 80% mætingaskylda er í áfanganum – þ.e. ekki yfir 15 fjarvistastig.</li> <li>• Einkunn 0 er gefin fyrir verkefni/prófi sem ekki er skilað inn.</li> <li>• *Skilyrði til að sleppa skriflegu lokaprófi er að nemandi skili ÖLLU NÁMSMATI annarinnar og að viðkomandi hafi náð 8,0 (ekki 7,5) í meðaleinkunn á önninni.</li> <li>• Ef nemandi veit að hann komist ekki í stöðupróf á hann að láta kennara vita FYRIRFRAM .</li> <li>• Ef um veikindi er að ræða ber að tilkynna þau til skólans samdægurs.</li> <li>• Í þessum tveimur síðustu tilfellum tekur nemandi prófið upp á næsta námsmatsdegi.</li> </ul>			

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>Áfangaheiti SPÆN1RL05</b> <b>Námsáætlun - haustönn 2019</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

**Annað:**

**Nemandi ber sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með hvenær stöðupróf eru haldin, hvenær Moodle er opið fyrir verkefni osfr. Námsmatsdagar eru til að taka upp stöðupróf, og/eða önnur verkefni til einkunnar, sem nemandi vantar fram að þeim degi. Eftir námsmatsdag er því efni lokið og ekki hægt að taka upp á næsta námsmatsdegi.

**Kennari stýrir hvenær notkun snjalltækja er viðeigandi í tímum. Nemandi ber að virða það.** Endurtekin brot á ákvæðum skólareglna og/eða endurtekin mæting án námsgagna varðar **brottrekstur úr tíma.**

21/8 **Dagsetning:**  
  
 Undirritun kennara

  
 Undirritun bráttarstj., fagstj. eða staðgengils

